

Reykjavík, 26. júní 2013

Alþingi  
Efnahags- og viðskiptanefnd Alþingis  
Austurstræti 8 – 10  
150 Reykjavík

**Alþingi**  
**Erindi nr. P 142/112**  
**komudagur 26.6.2013**

**Efni: Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 36/2001, um Seðlabanka Íslands, með síðari breytingum (varrúðarreglur, aðgangur að upplýsingum o.fl.)**

Bankasýsla ríkisins telur mikilvægt að Seðlabanki Íslands stuðli að fjármálastöðugleika. Stofnunin telur fjármálastöðugleikahlutverk Seðlabankans reyndar það mikilvægt, að setningin „Seðlabanki Íslands skal stuðla að fjármálastöðugleika“ (sbr. 1. gr. frumvarpsins) eigi betur heima í 3. gr. núgildandi laga frekar en í 4. gr. þeirra, eins og lagt er til í frumvarpinu.

Bankasýsla ríkisins sýnir því skilning, að Seðlabankinn vilji víkka út reglur um laust fé lánastofnana, þannig að þær nái bæði til lauss fjár í íslenskum krónum svo og erlendum gjaldmiðlum (sbr. a. lið 2. gr. frumvarpsins). Hins vegar er gríðarlega mikilvægt, að slíkar reglur séu kynntar lánastofnunum með nægjanlegum fyrirvara og að Seðlabankinn leiti eftir umsögnum þeirra, áður en þær eru innleiddar, sérstaklega ef reglurnar eiga að vera í samræmi við Basel III reglurnar eins og vikið verður að síðar.

Bankasýsla ríkisins er hins vegar efins um, að það sé rétt að setja lánastofnunum nú reglur um „stöðuga fjármögnun“, á meðan svokallaðar Basel III reglur hafa ekki verið innleiddar á Íslandi. Basel III reglurnar munu gjörbylta regluverki lánastofnana, þegar þær verða innleiddar í Evrópu og í Bandaríkjunum.<sup>1</sup> Basel III reglurnar munu krefja lánastofnanir um tvenns konar lágmarks eiginfjárhlutfall, annars vegar miðað við áhættuvegnar eignir eins og Basel I og Basel II reglurnar gerðu, og hins vegar óháð áhættuvegnum eignum (e. *leverage ratio*), sem notast hefur verið við af bandarískum eftirlitsaðilum frá 1983. Basel III reglurnar munu einnig krefja lánastofnanir um tvenns konar lágmarks lausafjárhlutfall, annars vegar svokallað lausafjárþekjuhlutfall (e. *liquidity coverage ratio*, eða LCR) og hins vegar svokallað nettó stöðugt fjármögnunarhlutfall (e. *net stable funding ratio*, eða NSFR). Af orðalagi b-liðar 2. gr. frumvarpsins má ráða, að Seðlabankanum verði veitt heimild nú til að setja reglur um nokkurs konar NSFR hlutfall („lágmark stöðugrar fjármögnunar“). Vekur Bankasýsla ríkisins athygli efnahags- og viðskiptanefndar á því, að í nýútgefnu riti Basel-nefndarinnar um bankaeftirlit (e. *Basel Committee on Banking Supervision*) um lausafjárhlutfall Basel III reglnanna, er gefið til kynna, að NSFR

<sup>1</sup> Evrópuþingið og ráðið hafa sammælt um hvernig innleiða eigi Basel III reglurnar inn í evrópskt regluverk, annars vegar með breytingum á tilskipunum 2006/48/EB og 2006/49/EB með svokallaðri *Capital Requirements Directive* (CRD) IV tilskipun, og hins vegar með ítarlegri reglugerð, svokallaðri *Capital Requirements Regulation* (CRR) reglugerð. Hingað til hafa einungis verið gefin út drög, en vonast er til að breytingarnar nái í gegn fyrir mitt ár 2013, þannig að unnt sé að innleiða Basel III reglurnar innan Evrópusambandsins frá og með 1. janúar 2014. Sjá Basel Committee on Banking Supervision. *Progress report on implementation of the Basel regulatory framework*, April 2013 á <http://www.bis.org/publ/bcbs247.pdf>.

hlutfallið verði ekki innleitt fyrr en 1. janúar 2018.<sup>2</sup> Hins vegar er enn stefnt að því að innleiða LCR hlutfallið frá og með 1. janúar 2015. Veltir stofnunin því einnig fyrir sér, hvort rétt sé, að innleiða hluta Basel III reglnanna með þessum hætti, frekar en með heildarbreytingum á lögum nr. 161/2002 um fjármálafyrirtæki, þannig að lánastofnunum gæfist kostur á að koma á framfæri athugasemdum sínum þar að lútandi. Bendir stofnunin jafnframt á, að Fjármálaeftirlitið undirbýr nú innleiðingu Basel III reglnanna í gegnum CRD IV tilskipunina og CRR reglugerðina, eins og fram kemur í ársskýrslu eftirlitsins fyrir 2013.

Bankasýsla ríkisins styður eindregið breytingar á 13. gr. núgildandi laga um rétt Seðlabankans til að skilgreina hvaða eignir og skuldir skuli teljast til gjaldeyrisjafnaðar (sbr. 3. gr. frumvarpsins). Í ljósi þess mikla kostnaðar, sem fellur á lánastofnanir vegna eftirlits, þurfa hins vegar að liggja fyrir ríkar réttlætningarástæður af hálfu Seðlabankans hvers vegna flokka eigi ákveðnar fjárhagslegar eignir eða skuldir í aðra gjaldmiðlaflokka heldur en alþjóðlegir reikningsskilastaðlar segja til um. Þrátt fyrir þau dæmi, sem notuð eru til skýringar á 3. gr. í frumvarpstextanum, bendir stofnunin á, að Seðlabankinn gæti þurft að flokka sömu skuldbindingu á mismunandi hátt, hvort sem bankinn er að meta áhrif hennar á gjaldeyrisjöfnuð viðkomandi lánastofnunar, eða hvort hann er að meta áhrifin á erlenda stöðu þjóðarbúsins. Til dæmis geta innlán lánastofnana verið í íslenskum krónum, en í eigu erlendra aðila. Skuldbindingin er því „innlend“ út frá gjaldeyrisjöfnuði lánastofnunarinnar, en „erlend“ út frá erlendri stöðu þjóðarbúsins.<sup>3</sup>

Bankasýsla ríkisins sýnir því ríkan skilning, að Seðlabankinn þurfi á auknum heimildum að halda til upplýsingaöflunar í tengslum við afléttingu gjaldeyrishafta (sbr. 4. gr. frumvarpsins). Slíkar heimildir þurfa þó ætíð að vera tímabundnar. Mikill kostnaður fellur á lánastofnanir vegna vinnu við að sinna upplýsingabeidnum frá eftirlitsaðilum. Væri því æskilegt, að eftirlitsaðilar gætu sammælst um á hvaða upplýsingum þeir þurfa að halda frá lánastofnunum, þannig að skýrsluskil til þeirra gætu verið skilvirkari. Til að bæta yfirsýn eftirlitsaðila, getur úrvinnsla þeirra á upplýsingum frá lánastofnunum verið jafnvel mikilvægari en öflun þeirra.

Bankasýsla ríkisins þakkar fyrir tækifærið að rita umsögn um tilgreint frumvarp. Er undirritaður tilbúinn að mæta á fund efnahags- og viðskiptanefndar, hafi nefndarmenn einhverjar spurningar þar að lútandi.

Virðingarfyllst,



Jón G. Jónsson

<sup>2</sup> Hins vegar er enn stefnt að því að innleiða LCR hlutfallið frá og með 1. janúar 2015. Sjá *Basel III: The Liquidity Coverage Ratio and liquidity risk monitoring tools* á <http://www.bis.org/publ/bcbs238.pdf>.

<sup>3</sup> Að sama skapi gæti lánastofnun gefið út skuldabréf í erlendum gjaldeyri til innlands aðila. Sú skuldbinding er því „erlend“ út frá gjaldeyrisjöfnuði lánastofnunarinnar, en þar sem kröfuhafinn er innlendur aðili hefur skuldbindingin engin áhrif á erlenda stöðu þjóðarbúsins.